FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Tæknifræðingur

Við lifum á jörðinni!

Háfell ehf. leitar að öflugum og metnaðarfullum tæknifræðingi til starfa.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Mælingar, útsetningar og magntaka
- Tilboðsgerð
- Ýmis önnur tæknivinna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tæknifræði
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Þekking og reynsla af vinnslu með trimble mælitæki og þrívíð módel
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð og metnaður í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **20. september 2021**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi sem nýtist í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Háfell ehf. er alhliða jarðvegsverktaki. Helstu verkefni hafi falist í gatnagerð, vegagerð og jarðgangagerð auk annarrar jarðvegsvinnu af öllum stærðargráðum bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá Háfelli starfa 24 starfsmenn, samhentur hópur á öllum aldri með metnað til að skila góðu verki. Innan fyrirtækisins er virkt starfsmannafélag.

Nánari upplýsingar um Háfell má finna á **ww.hafell.is.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

thor ice

Viltu hafa áhrif...

... og hjálpa okkur að gera umhverfið betra?

Thor Ice Chilling Solutions ehf. er tæknifyrirtæki sem hefur þróað einstakar tæknilausnir sem kæla matvæli, fækka skaðlegum örverum, minnka sóun, auka nýtingu og draga úr vatns- og rafmagnsnotkun við matvæla-framleiðslu. Búnaðurinn er þegar kominn í notkun.

Nú viljum við bæta við drífandi stjórnendum í teymið sem hafa áhuga á að taka þátt í vexti fyrirtækisins.

Framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála (VP Sales & Marketing)

Við óskum eftir að ráða hugmyndaríkan og söludrifinn einstakling til að leiða sölu- og markaðsmál fyrirtækisins. Viðkomandi mun móta og innleiða sölu- og markaðsstefnu fyrirtækisins, byggja upp öflugt söluteymi, stýra uppbyggingu alþjóðlegs sölunets ásamt því að stýra sölu og samningagerð fyrirtækisins.

Framkvæmdastjóri rekstrar (VP Operations)

Við leitum að reynslumiklum einstaklingi til að stýra daglegum rekstri og fjármálum fyrirtækisins á Íslandi. Viðkomandi mun auk þess stýra þjónustu- og starfsmannamálum fyrirtækisins ásamt því að byggja upp framleiðslu fyrirtækisins erlendis.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á **www.intellecta.is**. Umsóknarfrestur er til og með **27. september 2021**. Umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni og uppruna, eru hvattir til að sækja um starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Einar Þór Bjarnason (einar@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Sérfræðingur - Orkuviðskiptahópur

RARIK

RARIK ohf. óskar eftir að ráða sérfræðing inn í orkuviðskiptahóp upplýsingatæknideildar. Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að vinna að rekstri og þróun á orkuviðskiptakerfi innan Dynamics Ax. Um fullt starf er að ræða og er starfsstöðin í Reykjavík.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Þátttaka í daglegum rekstri og þróun orkuviðskiptakerfis
- Aðstoð við úrlausn mála þvert á starfsemi Rarik, s.s. varðandi notendaþjónustu, greiningar og úrvinnslu, ferlavinnu o.fl.
- Samskipti og upplýsingagjöf til ytri aðila og starfsmanna RARIK

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskipta- eða tölvunarfræði
- Þekking og reynsla á sviði viðskipta og/eða upplýsingatækni
- Þekking og áhugi á viðskiptagreind (BI) er æskileg
- Jákvæðni, lipurð í samskiptum og góðir samstarfshæfileikar
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

RARIK ohf. er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku. Starfsfólk RARIK eru um 200 og starfsstöðvar 20.

RARIK gefur út um það bil 600.000 orkureikninga á ári. Því fylgir þjónusta, úrvinnsla og eftirfylgni. Raforkumarkaðurinn á Íslandi er í örri þróun sem kallar á nýjar lausnir. RARIK vinnur að stafrænum lausnum tengdum orkuviðskiptum, en í því felast tækifæri til starfsframa og þekkingaruppbyggingu.

Nánari upplýsingar á **www.rarik.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **27. september 2021**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

GILDI

Eignastýring

Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um 26 þúsund lífeyrisþega, 52 þúsund greiðandi sjóðfélaga og yfir 246 þúsund einstaklingar eiga réttindi hjá sjóðnum. Eignir sjóðsins um síðustu áramót námu um 764 milljörðum króna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingardeild og séreignardeild. Hjá sjóðnum starfa 40 starfsmenn.

Gildi-lífeyrissjóður leitar eftir sérfræðingi til starfa í eignastýringu sjóðsins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu á fjármálamarkaði. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri greiningarhæfni, metnaði og vilja til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni. Næsti yfirmaður er forstöðumaður eignastýringar.

Starfssvið:

- Uppbygging og utanumhald eignasafna sjóðsins.
- Greining markaða og fjárfestingakosta innanlands sem utan.
- Arðsemis- og áhættumat.
- Fjárfestingar og eftirfylgni þeirra.
- Upplýsinga- og skýrslugjöf.
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila á fjármálamarkaði.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði.
- Próf í verðbréfaviðskiptum er kostur.
- Góð greiningarhæfni og geta til að setja fram niðurstöður með skipulögðum hætti
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymi.
- Góð íslensku og enskukunnátta í ræðu og riti.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.
Gildi hefur sett sér stefnu í starfsmanna- og jafnlaunamálum og hefur hlotið jafnlaunavottun.

Umsóknarfrestur er til og með 14. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Fjármálastjóri

Þingvangur er öflugur byggingaraðili á Íslandi og hefur fyrirtækið verið í stöðugum vexti frá stofnun árið 2006. Eigandi Þingvangs, stjórnarmenn og lykilstjórnendur búa allir yfir áratuga reynslu úr verktakaiðnaði. Félagið hefur m.a. byggt hótel, skrifstofuhúsnæði, íbúðarhúsnæði, sumarhús, iðnaðarbyggingar, nautabú og verslunarkjarna. Þingvangur rekur eigið gæðakerfi með vottun frá Frumherja, eigin rafmagns- og véladeild, ásamt því að flytja inn helstu aðföng til að tryggja gæði, framboð og verð. Bjóðum upp á samstarf með fyrirtækjum af öllum stærðum og tökum þátt í völdum útboðsverkefnum. Hjá Þingvangi starfa um 100 manns, auk fjölda undirverktaka.

Þingvangur leitar að metnaðarfullum og skilvirkum einstaklingi í starf fjármálastjóra. Um er að ræða fjölbreytt starf er lýtur að fjármálum og rekstri fyrirtækisins.

Viðkomandi gefst tækifæri til að þróa og innleiða nýja ferla sem bæta vinnulag og upplýsingagjöf. Starfið krefst mikilla samskipta við stjórnendur og hagaðila.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dagleg umsjón með fjármálum fyrirtækisins, dótturfélaga og tengdra félaga.
- Mánaðarleg uppgjör félagsins ásamt dótturfélögum þess.
- Umsjón með gerð fjármálalegra stjórnendaupplýsinga.
- Líkana-, áætlana- og skýrslugerð.
- Eftirfylgni áætlana.
- Umsjón með gerð ársreikninga og skilum á gögnum til endurskoðanda.
- Samskipti við fjármálastofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða rekstrar. Meistarapróf æskilegt.
- 3-5 ára reynsla af sambærilegu starfi.
- Reynsla og þekking á áætlanagerð og uppgjörum
- Reynsla af greiningarvinnu og framsetningu fjármálaupplýsinga.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af umbótaverkefnum og sjálfvirknivæðingu.
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi.
- Hæfni í miðlun tölfræðilegra upplýsinga.

Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

Umsjón með starfinu hefur Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Gætir þú breytt heiminum með þekkingu þinni á próteintækni?



Stjórnandi próteintækni hjá ORF Líftækni

Við leitum að hæfileikaríkum sérfræðingi til að leiða próteintæknideild ORF Líftækni.

ORF Líftækni er leiðandi fyrirtæki á sviði framleiðslu frumuvaka (growth factors) í plöntum.

Frumuvakar ORF Líftækni eru meðal annars nýttir í BIOEFFECT húðvörulínu félagsins og seldir til rannsókna á lífvísindasviði. Nýjasta þróunarverkefni ORF Líftækni er framleiðsla á dýrafrumuvökum fyrir stofnfrumuræktað kjöt. Við trúum því að stofnfrumuræktað kjöt sé ný og gríðarlega spennandi atvinnugrein sem muni færa ORF Líftækni ný tækifæri.

Við leitum að yfirmanni próteintæknideildar með áherslu á þróun hreinsiferla fyrir frumuvaka. Starfið felur í sér áframhaldandi þróun afkastamikilla aðferða í útdrætti og hreinsun próteina fyrir þessi spennandi verkefni. Starfið felur jafnframt í sér að sinna öðrum viðfangsefnum á sviði próteinlífefnafræði.

Við leitum að lausnarmiðuðum og sveigjanlegum sérfræðingi með stjórnunarreynslu.

Menntun og reynsla

- Ph.D. á sviði próteinlífefnafræði
- Reynsla á aðferðum próteinhreinsunar og þróun hreinsiferla er nauðsynleg
- Reynsla á sviði almennrar próteingreiningar
- Reynsla af AKTA tækjum og UNICORN
- Reynsla af HPLC
- Reynsla af síunaraðferðum og próteinútdrætti
- Reynsla af Design of Experiments (DoE) er kostur
- Reynsla við að vinna sjálfstætt og að stýra teymi

Skrifstofur, rannsóknarstofa og framleiðsla ORF Líftækni er í Kópavogi auk þess sem félagið rekur eigið gróðurhús í Grindavík.

- **Umsóknarfrestur er til og með 26. september og skal fylla út umsókn á vef vinnvinn.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni.**
- **Umsjón með starfinu hafa:**
  Hilmar Garðar Hjaltason, hilmar@vinnvinn.is
  Hildur Jóna Ragnarsdóttir, hildur@vinnvinn.is

Nánari upplýsingar um félagið: orfgenetics.com I ORF Líftækni, Víkurhvarf 7 Kópavogi.

SMIÐIR

Vegna aukinna verkefna óska Þúsund fjalir ehf. eftir að ráða til sín smiði.

Fyrirtækið er í fjölbreyttum verkefnum og þjónustar tryggingafélög, sveitarfélög, verkfræðistofur og fasteignafélög. Þúsund fjalir ehf. hefur verið starfrækt í rúm tuttugu ár við gott orðspor og hjá fyrirtækinu starfar samhent teymi iðnaðarmanna - píparar, smiðir, múrarar og málarar.

Leitað er að traustum og jákvæðum aðilum sem eru lausnamiðaðir og hafa áhuga á að vinna saman í teymisvinnu, þar sem metnaður og góður starfsandi ríkir.

HELSTU VERKEFNI:
- Almenn- og sérhæfð smíðavinna
- Viðhald- og nýsmíði

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:
- Húsasmiður - sveinn/meistari
- Drifkraftur og áhugi á verkefnavinnu
- Mjög góð samskiptafærni

Frá árinu 2000 hafa Þúsund Fjalir ehf. unnið markvisst að þróun og umbótum á viðbrögðum við vatnstjónum og í kjölfarið forvörnum þar af lútandi. Fyrirtækið hefur innleitt margskonar nýjungar í tækjakosti til að meðhöndla vatnstjón og rekur fyrirtækið neyðarþjónustu sem fyrirtæki, ríki og sveitarfélög hafa nýtt sér.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Þúsund Fjala ehf. **www.vatnstjon.is**.

Fyrirspurnir sendist á radum@radum.is eða agla@radum.is.

ráðum ráðningarstofa


Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk.
Sótt er um störfin á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • radum@radum.is

SÖLURÁÐGJAFI

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í vinnustaðalausnum óskar eftir söluráðgjafa til starfa.

Fyrirtækið er með höfuðstöðvar á Stór-Reykjavíkursvæðinu en er með starfsemi um land allt. Leitað er að traustum og áreiðanlegum starfsmanni sem hefur reynslu af sölu á fyrirtækjamarkaði, er árangursdrifinn og vill vinna í góðu teymi starfsmanna.



HELSTU VERKEFNI:
- Kynning og sala á þjónustu og lausnum til nýrra og núverandi viðskiptavina
- Þarfagreining verkefna og þróun sölutækifæra
- Tilboðs- og samningagerð
- Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR:
- Reynsla af sölu eða viðskiptastýringu á fyrirtækjamarkaði
- Brennandi áhugi á sölu og þjónustu
- Mjög góð færni í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður
- Góð tölvufærni

Fyrirspurnir sendist á radum@radum.is eða agla@radum.is.

ráðum ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk.
Sótt er um störfin á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • radum@radum.is



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðgjöf og ráðningum.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

ráðum ráðningarstofa

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Orkubú Vestfjarða ohf. býr að áratuga reynslu við virkjun vatnsafls og jarðhita og dreifingu og sölu raforku. Fyrirtækið á og rekur orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið var stofnað þann 26. ágúst 1977 og var þá sameignarfélag sveitarfélaga á Vestfjörðum og ríkisins. Fyrirtækið hóf formlega starfsemi þann 1. janúar 1978. Orkubú Vestfjarða ohf. var stofnað á grundvelli laga sem samþykkt voru á Alþingi 2001.

Frá árinu 2002 hefur Orkubú Vestfjarða ohf. verið að fullu í eigu ríkisins.

Orkubú Vestfjarða ohf. óskar eftir að ráða starfsmann í stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf og stýrir viðkomandi fjármálasviði fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á daglegri fjármála- og skrifstofustjórn.
- Umsjón með gerð og framsetningu fjármálalegra stjórnendaupplýsinga.
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlana.
- Árshlutauppgjör og gerð ársreiknings.
- Samningagerð.
- Ábyrgð á gagnaskilum vegna rekstrar.
- Samskipti við fjármálastofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta og rekstrar, meistarapróf er æskilegt.
- Haldgóð reynsla af fjármálastjórn.
- Reynsla og þekking af gerð árs- og/eða árshlutauppgjöra og reikningshaldi.
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Reynsla af greiningarvinnu og framsetningu fjármálaupplýsinga.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og fagmennska.
- Góð tölvufærni og kunnátta er skilyrði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.


Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



Gæðastjóri framleiðslu

Marel leitar að öflugum aðila til að leiða gæðastýringu við framleiðslustöð fyrirtækisins á Íslandi. Um er að ræða starf gæðastjóra (e. Quality Manager). Starfið krefst þess að viðkomandi sé drífandi, skipulagður, þrautseigur og brenni fyrir gæðamálum.

Starfssvið:

- Umsjón gæðamála í framleiðslu
- Stuðla að stöðugum umbótum í framleiðslu Marel um alla aðfangakeðjuna
- Kortlagning ferla og vinnulýsinga
- Uppbygging, þróun og viðhald á frábrigðaskráningakerfi
- Samskipti við birgja vegna frávika
- Leiða rótargreiningar og innleiðingu fyrirbyggjandi aðgerða
- Leiða innri og ytri úttektir
- Stefnumótandi verkefni tengd gæðamálum

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Umfangsmikil reynsla af gæðastýringu
- Að lágmarki 3-5 ára starfsreynsla úr sambærilegu starfi
- Reynsla af ISO 9001:2015 og innri og ytri úttektum
- Þekking á framleiðsluferlum
- Reynsla af notkun Lean aðferða er kostur
- Afburða skipulags- og samskiptahæfni
- Geta til að vinna sjálfstætt sem og í teymi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og geta til að miðla efni í ræðu og riti á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Halldórsdóttir, hildur.halldorsdottir@marel.com.
Umsóknarfrestur er til og með 26. september 2021. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Marel, **marel.is/störf**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með um 6.800 starfsmenn, þar af um 700 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkar öflugt fólk, sem hefur áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, glæsilegan matsal, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

marel

FORSTÖÐUMAÐUR ÓSKAST Á HEIMILI FATLAÐRA EINSTAKLINGA Í GARÐABÆ

Fjölskyldusvið Garðabæjar óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman forstöðumann á heimili tveggja ungra einstaklinga með þroskafrávik.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun í þroskaþjálfafræði eða í annarri háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri skilyrði
- Reynsla af starfi með fötluðum einstaklingum skilyrði
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði
- Gott líkamlegt og andlegt atgervi

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Ber ábyrgð á daglegum rekstri heimilisins
- Gerð launa-, fjárhags- og rekstraráætlana
- Stýrir faglegu starfi og þróar innra starf heimilisins
- Sér um starfsmannamál og skipulag vakta

Umsóknarfrestur er til og með 19. september 2021.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjörtfríður St. Guðlaugsdóttir í síma 525 8500 eða með því að senda tölvupóst á hjortfridurgu@gardabaer.is

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is



Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa hjá SÁÁ

Sjúkrahúsið Vogur óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Um er að ræða þrískiptar vaktir og unnið aðra til þriðju hverja helgi.
Kjör fara eftir kjarasamningi SFV og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
Umsókn þarf að fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af starfsleyfi.
Öllum umsóknum verður svarað.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Hjúkrun sjúklinga í afeitrun
- Þátttaka í teymisvinnu ásamt sjúkraliðum, áfengis- vímuefnaráðgjöfum, sálfræðingum og læknum

Menntunar- og hæfniskröfur
- Réttindi til að starfa sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi
- Áhugi á hjúkrun áfengis- og vímuefnasjúklinga
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð
- Kjör fara eftir kjarasamningi SFV og
- Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita
Þóra Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar SÁÁ
í síma 530-7600 eða tölvupósti thora@saa.is
Óskar Marinó Sigurðsson, mannauðsstjóri SÁÁ
í síma 530-7600 eða tölvupósti oskar@saa.is

Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2021

Greið leið – til frama

Við ráðum í 100 stöður

rapyd.is/starf

Rapyd



Reykjavíkurborg hefur blásið til sóknar með Græna planinu til að hraða stafrænni umbreytingu og bregðast við kröfu íbúa og fyrirtækja um bætta þjónustu á stafrænum miðlum. Þjónustu- og nýsköpunarsvið leiðir stafræna umbreytingu á þjónustu borgarinnar og leitast við að vera boðberi frjórrar menningar, nýrra aðferða og framsækins hugsunarháttar.



Blómstrar þú í skapandi umhverfi og brennur þú fyrir því að gera heiminn að betri stað?

Við leitum að mannlegum ofurhetjum til að skipa i-teymi stafrænnar vegferðar Reykjavíkurborgar en verkefninu er ætlað er að hraða stafrænni umbreytingu í þjónustu hins opinbera. I-teymið beitir skapandi aðferðum svo nýta megi stafrænar lausnir enn frekar til að bæta þjónustu og þar með líf og lífsgæði borgarbúa. Tækni og kerfi spila þar stórt hlutverk, ekki síður en fólk og ferlar. Um er að ræða ný störf, fjármögnuð af Bloomberg Philantrophies undir flaggi „Build back better“, til tveggja eða þriggja ára með möguleika á framlengingu. Verkefnið er unnið í samstarfi við svið, skrifstofur og stofnanir Reykjavíkurborgar sem og Amsterdam í Hollandi, San Francisco og Washington í Bandaríkjunum og Mexikóborg í Mexikó og Bogotá í Kólombíu.

Ef þú ert öflugur, lausnamiðaður og framsýnn einstaklingur sem hefur að bera góða skipulagshæfni, sýnir sjálfstæði og frumkvæði í starfi, ert afburða góður í samskiptum og að mynda tengsl þvert á skipulagsheildir, þá ert þú réttur maður, kona eða kvár í i-teymið.

Þjónustuleiðtogi
(100% starfshlutfall)

Þjónustuleiðtogi eflir faglegt starf þjónustuhönnunnar innar borgarkerfisins. Hann styður við og tryggir samhæfingu í þjónustuhönnun milli ólíkra einstaklinga og teyma sem vinna við stafræna vöruþróun, og stuðlar að farsælum innkaupum og innleiðingu á hugbúnaði í öðrum stafrænum verkefnum. Þjónustuleiðtogi samræmir samstarf við svið og stofnanir Reykjavíkurborgar um framkvæmd þjónustu og þróun hennar.

Helstu verkefni:
→ Þróar og innleiðir ramma og tól til hagnýtingar þjónustuhönnunar þvert yfir svið borgarinnar.
→ Leiðir fræðslu og þekkingarmiðlum um þjónustuhönnun innan borgarinnar.
→ Er verkefna- og vörustjórnum, framleiðsluteymum, hönnuðum og öðrum til ráðgjafar.
→ Vinnur náið með UXteyminu við notenda rannsóknir og hönnun á notendaupplifun og ferli.
→ Vinnur náið með myndskreyti við nálganir á föngun þjónustuhönnunar í myndskreytingu.

Samskiptasérí
(100% starfshlutfall)

Hlutverk sérfræðings í markaðssamskiptum er að smíða áætlarnir í markaðs- og kynningarmálum fyrir stafræna vegferð. Hann vinnur að útfærslu, samræmingu og framkvæmd markaðsaðgerða þvert yfir sviðið á forsendum samþykktrar mörkunar. Hann miðlar sögu og áhrifum stafrænnar þjónustuumbreytingar til starfsfólks borgarinnar, íbúa og fyrirtækja á þann hátt að tilgangur hennar sé skýr og að hún stuðli að jákvæðri upplifun.

Helstu verkefni:
→ Treystir stafræna mörkun borgarinnar með stefnumiðaðri áætlunargerð.
→ Eflir slagkraft í markaðssamskiptum með ráðgjöf og þjónustu í markaðs- og kynningarmálum.
→ Tryggir að markaðstarf á vegum sviðsins styðjist við nýjustu og öflugustu miðlunarleiðirnar.
→ Hefur umsjón með framleiðslu á efni í tengslum við markaðsaðgerðir og birtingar á miðlum.
→ Hefur umsjón með skipulagning ráðstefna, viðburða og opinna funda sviðsins.

Gagnasérfræðingur
(100% starfshlutfall)

Gagnasérfræðingur þróar leiðir til að meta arðsemi og framvindu stafrænnar umbreytingar m.a. með birtingu lykiltalna á mælaborðum. Hann styður við gagnadrifna ákvörðunartöku í verkefnum i-teymisins og stafrænni umbreytingu í þeim tilgangi að bæta þjónustuupplifun borgarbúa og fyrirtækja. Gagnasérfræðingur finnur leiðir til að skapa virði úr gögnum borgarinnar og tekur þátt í þróun gagnahugbúnaðar, tölfræði- og gervigreindarlíkana.

Helstu verkefni:
→ Útfærsla á birtingu arðsemi og skýrslugjöf því tengt.
→ Forritun og viðhald á gagnavinnsluferlum.
→ Greining og vinnsla, myndræn framsetning og miðlun gagna og greininga.
→ Þróun og viðhald á viðskiptagreindarskýrslum og rekstur tölfræðilíkana.
→ Ráðgjöf varðandi gagnavinnslu og gagnagreiningu.

Atferlishagfræðingur /Framtíðarfræðingur
(100% starfshlutfall)

Viðkomandi styður við viðskiptaþróun og stefnumótandi hugsun í i-teyminu, hann freistar þess að brjóta til mergjar hvað það er sem hefur áhrif á og mótar hegðun fólks til framtíðar, samþættir innsýn í atferli einstaklinga við vöruþróun og hönnun á viðmóti í stafrænni vegferð, og hefur forgöngu um tilraunir með nýstárlegar lausnir til að leysa áskoranir í þjónustuveitingu.

Helstu verkefni:
→ Innleiðir ramma og tól til hagnýtingar atferlisfræða og skyldra fræða í stafrænni vegferð.
→ Gerir teymum kleift að nýta sér viðeigandi upplýsingar í allri forritunar- og þjónustuhönnun.
→ Hannar og framkvæmir tilraunir og dregur saman helstu niðurstöður.
→ Greinir stór gagnasöfn og gerir úr þeim upplýsingar til ákvarðanatöku við þróun lausna.
→ Vinnur náið með UXteyminu við notenda rannsóknir til að hanna notendaupplifun og ferli.

Myndskreytir
(50% starfshlutfall)

Myndskreytir hefur það hlutverk að þróa áhrifaríkan og heildrænan myndheim fyrir Hönnu, hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar sem gerir alla stafræna umbreytingu fallegri, skýrari og mannlegri og styrkir alla notendaupplifun. Myndskreytir framleiðir myndefni fyrir ólík viðmót, einn og í samsköpun, auk þess að skrá sköpunarferlið sjálft frá upphafi til lokaafurðar.

Helstu verkefni:
→ Þróar skýra ásýnd og teiknar upp fjölbreyttan myndheim hönnunarkerfisins Hönnu.
→ Framleiðir myndskreytingar fyrir viðmóts- og útlitshönnun stafrænna vara, fyrir markaðsstarf og samskipti og annað sem við á.
→ Heimildateiknun í notendarannsóknum til hagnýtingar í efnisgerð.
→ Skráning og framsetning á sköpunarferli og myndskreyttum afurðum stafrænnar vegferðar.

Ef þú vilt vinna á faglegum og skemmtilegum vinnustað þar sem helsti hvatinn er nýsköpun, umbætur á þjónustu fyrir borgarbúa og fyrirtæki og krefjandi viðfangsefni þá er **Þjónustu- og nýsköpunarsvið borgarinnar rétti staðurinn fyrir þig.**

Umsóknarfrestur er til 26. september 2021. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, þó ekki seinna en í lok nóvember. Nánari upplýsingar um störfin er að finna á umsóknarvef Reykjavíkurborgar.

Reykjavík

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður ásamt því að vera sá stærsti á Íslandi. Verkefnin eru fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti. Vakin er athygli á stefnu borgarinnar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir hennar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

SKAPANDI SAMFÉLAG Á FRÆÐASVIÐI LISTA

DEILDARFORSETI Í KVIKMYNDALIST

Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi með sterka listræna sýn í stöðu deildarforseta í kvikmyndalist. Deildarforseti ber ábyrgð á listrænni og akademískri stefnumótun fagsviðsins og útfærslu hennar í námi, kennslu og rannsóknum í samstarfi við sviðsforseta og rektor. Hann leiðir faglegt samtal deildarinnar, sinnir starfsmannahaldi, málefnum nemenda og almennri starfsemi deildar.

Starfshlutfall er 100%.
Umsóknarfrestur er 26. september.

VERKEFNASTJÓRI KENNSLU

Leitað er eftir skipulögðum og kraftmiklum aðila í starf verkefnastjóra kennslu á sviði akademískrar þróunar. Verkefnastjóri kennslu mun vera leiðandi í þróun á kennslustuðningi, ráðgjöf og þjálfun.

Starfshlutfall er 100%.
Umsóknarfrestur er 19. september.

Nánari upplýsingar um störfin, hæfiskröfur og umsóknargögn er að finna á **lhi.is/laus-storf**

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Smiður

eða 2 samhentir óskast í límtrés verkefni.

Anton byggingarfélag
santon@nyborg.is



LANGAR ÞIG AÐ VINNA MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS?

Leikskólinn Grandaborg óskar eftir fólki til starfa

Í Grandaborg starfar kraftmikill og samhentur hópur sem vantar starfsmann í liðið

Skólinn er staðsettur við sjávarsíðuna í Vesturbæ Reykjavíkur sem nýtist vel til útináms.
Einkunnarorð okkar er;
Vinátta – Samkennd - Virðing

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Procura

Ert þú fasteignasali framtíðarinnar?

Vegna aukinna umsvifa leitar Procura að löggiltum fasteignasala til að leiða fasteignasölu fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af fasteignasölu, afburðar greiningarhæfni og þjónustulund. Vönduð framkoma, jákvæðni og frjó hugsun eru eiginleikar sem viðkomandi þarf að búa yfir.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á rekstri fasteignasölu
- Verðmat og skoðun eigna
- Gagnaöflun og skráning eigna í sölukerfi
- Fagleg ráðgjöf til viðskiptavina
- Umsjón með kaupendaráðgjöf
- Umsjón og vottun á skjalagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Löggilding fasteignasala
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Aðrir þættir sem nýtast vel í starfi:

- Reynsla af fasteignasölu
- Góð greiningarhæfni, reynsla af verðmati og skoðun eigna
- Hæfni í textasmíð og geta til að skrifa lýsandi texta
- Framúrskarandi samskiptahæfni, rík þjónustulund og vönduð framkoma
- Faglegt frumkvæði, umbótasinnuð hugsun og framþróun


Við hjá Procura erum leiðandi í upplýsingamiðlun á fasteignamarkaði og höfum náð þeirri einstöku stöðu að lang flestir kaupendur og seljendur heimsækja vefsvæði okkar áður en ráðist er í kaup og sölu á fasteign.
Höfuðstöðvar Procura eru í fjártækniklasa Grósku, samfélagi hugmynda og sköpunar.


Við bjóðum samkeppnishæf, föst laun og öryggi í starfi ásamt rétt á virkum eignarhlut í ört vaxandi fyrirtæki.
Við bjóðum næg verkefni og einstakt tækifæri til að vera máttarstólpi í teymi sem hefur unun af því að hreyfa við stöðnuðu ástandi og prófa nýjar leiðir.

Allar nánari upplýsingar finnur þú á **intellecta.is**. Umsóknarfrestur er til og með **21. september 2021**. Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast send inn á heimasíðu Intellecta.
Farið verður með allar umsóknir sem **trúnaðarmál** og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veitir Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is)
og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta





Sviðsstjóri iðnstýringa- og nemabúnaðar

Ískraft leitar að öflugum leiðtoga í starf sviðsstjóra iðnstýringa- og nemabúnaðar. Sviðsstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á þjónustu, sölu og faglegri ráðgjöf til viðskiptavina. Hann ber einnig ábyrgð á innflutningi og birgðastýringu og samskiptum við birgja.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni í skemmtilegu starfsumhverfi þar sem reynir á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og gott skipulag. Lögð er rík áhersla á jákvæð samskipti og samvinnu ásamt því að viðkomandi falli vel að góðri liðsheild fyrirtækisins. Eftirsóknarvert er að fá til liðs við okkur þá sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina og hafa jákvætt hugarfar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sviðstjóri ber ábyrgð á sölu, ráðgjöf og innflutningi á iðnstýri- og nemabúnaði
- Samskipti við erlenda birgja
- Tilboðsgerð
- Innflutningur og birgðastýring
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Verkfræðingur/tæknifræðingur/iðnfræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á iðnstýringum og nemabúnaði skilyrði
- Reynsla af sölu, ráðgjöf og vörustýringu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Forriturnarkunnátta á PLC/HMI og skjástýrikerfum er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, jákvæðni og heiðarleiki í starfi
- Góð íslensku og ensku kunnátta

Sótt er um á ráðningarvef okkar á www.iskraft.is/um-okkur/iskraft/laus-storf/ Nánari upplýsingar veitir Brynjar Stefánsson, framkvæmdastjóri Ískraft, brynjar@iskraft.is Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Hvetjum alla áhugasama til að sækja um óháð kyni. Umsóknarfrestur til 26. september 2021.

Framúrskarandi fyrirtæki 2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Ískraft er rafiðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur 4 starfsstöðvar, í Kópavogi, Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ.

Framkvæmdastjóri Eignastýringar og miðlunar

Landsbankinn leitar að öflugum og framsýnum einstaklingi sem vill ganga til liðs við kraftmikinn hóp starfsfólks bankans. Við viljum liðsfélaga sem hefur brennandi áhuga á að móta nýja tíma í fjármálaþjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga, þar sem ánægðir viðskiptavinir, stöðug framför og árangur skipta máli.

Eignastýring og miðlun býður upp á heildstæða fjárfestingarþjónustu, m.a. eignastýringu, einkabanka-þjónustu, miðlun verðbréfa, gjaldeyris og afleiðna. Stefna okkar er að veita faglega og trausta þjónustu með sjónarmið um ábyrgar fjárfestingar að leiðarljósi.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á **vinnvinn.is**

Umsjón með ráðningarferlinu hafa Hilmar G. Hjaltason, **hilmar@vinnvinn.is** og Auður Bjarnadóttir, **audur@vinnvinn.is**. Umsóknir óskast útfylltar á **vinnvinn.is**. Umsóknarfrestur er til og með **18. september.**

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2020

BIFVÉLAVIRKJAR

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja með reynslu af bílaviðgerðum til starfa á verkstæði Suzuki bíla h/f.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafið störf sem allra fyrst.
Áhugasamir sendið tölvupóst með ferilskrá á **gylfi@suzuki.is** fyrir 20. sept.

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja með reynslu af bíla, utanborðsmótora.- og mótorhjóla viðgerðum til starfa á verkstæði Suzuki bíla h/f.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafið störf sem allra fyrst.
Áhugasamir sendið tölvupóst með ferilskrá á **gylfi@suzuki.is** fyrir 20. sept.

SUZUKI

Suzuki bílar • Skeifunni 17 • 108 Reykjavík • 568 5100

Sérfræðingur í öryggis- og fræðsludeild



Samgöngustofa leitar að öflugum einstaklingi í stöðu sérfræðings hjá öryggis- og fræðsludeild á stjórnsýslu- og þróunarsviði.

Helstu verkefni eru skráning sjóslysa og atvika í samevrópskan gagnagrunn auk þátttöku í greiningu og túlkun gagna um sjóslys. Einnig þátttaka í forvarna- og fræðsluverkefnum sem miða að því að breyta hegðun og viðhorfum og auka þannig öryggi í samgöngum, með sérstakri áherslu á öryggi til sjós. Felur það í sér gerð efnis, þ.e. hugmyndavinnu, textagerð, uppsetningu og skipulag, sem og dreifingu þess, bæði til almennings og afmarkaðra hópa.

Við leitum að einstaklingi sem á auðvelt með að vinna með öðrum í fjölbreyttum verkefnum. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, gott skipulag og nákvæmni, jákvætt og opið hugarfar og góða færni í framsetningu og stafrænni miðlun. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Gerð er krafa um BA/BS gráðu.
- Reynsla af fræðslu eða kennslu er kostur.
- Reynsla af forvarnarstarfi eða stafrænni miðlun er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til að koma fram og tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tölvufærni, m.a. við úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Þekking og áhugi á siglingum og sjómennsku er kostur.
- Frumkvæði, skipulag og nákvæmni.
- Jákvæðni og góð færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 20. sept. 2021

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Við hvetjum öll kyn til að sækja um.

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Yfirmaður þjónustusviðs/þjónustuliði

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða yfirmann þjónustusviðs/þjónustuliða. Starfið felur í sér verkstjórn og skipulag vegna almennra þrifa á rýmum skólans, verknámshúsi og skólalóð. Hér er um dagleg þrif að ræða og umhirðu skólans. Viðkomandi aðstoðar einnig í matsal nemenda sem og á skrifstofu og/eða á bókasafni í forföllum.

Yfirmaður þjónustuliða er tengiliður við stjórnendur. Hann er í samskiptum við nemendur og starfsfólk og leiðbeinir nemendum varðandi umgengni.

Áríðandi er að viðkomandi búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum, hafi ríka þjónustulund og jákvæða framkomu. Viðkomandi þarf að búa yfir drifkrafti og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem undir starfið falla.
Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

Menntaskólinn í Kópavogi er frábær vinnustaður, þar er starfsandi góður og aðstaða til fyrirmyndar.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.
Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000.
Sótt er um starfið á starfatorg.is eða með því að senda ferilskrá og umsókn á netfangið **mk@mk.is.**
Umsóknarfrestur er til og með 17. september.

Skólameistari

Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa frá 1. október 2021. Undraland er þriggja deilda leikskóli á Flúðum. Við skólann stunda tæplega 50 börn nám.

Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Menntun:
Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða annari tilskilinni menntun. Ef ekki berast umsóknir frá lkennurum sem uppfylla hæfniskröfur er heimilt að ráða leiðbeinendur í stöðuna.

Hæfni:
Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að:

Búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Mikilvægur þáttur í starfi leikskólans er jákvæðni og umburðarlyndi.

Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánu samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Launakjör:
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara. Við hvetjum fólk af hvaða kyni sem er, til að sækja um hjá okkur.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu skólans og en einnig er hægt að senda umsókn með ferilskrá og upplýsingar um styrkleika umsækjanda á netfangið ingveldur@undraland.is.
Umsóknarfrestur er til 28. september 2021
Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 7686600 eða í tölvupósti ingveldur@undraland.is

Við hlökkum til þess að heyra frá áhugasömum barnagælum!

Leikskólinn Undraland
Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Orkuveita Reykjavíkur

Vilt þú vera í þessum hópi?

Orkuveita Reykjavíkur leitar að framkvæmdastjóra/stýru fjármála fyrir samstæðuna.



Berglind Rán Ólafsdóttir
framkvæmdastýra
Orku náttúrunnar



Hildigunnur Thorsteinsson
framkvæmdastýra
rannsókna og nýsköpunar



Skúli Skúlason
framkvæmdastjóri
þjónustu



Edda Sif Pind Aradóttir
framkvæmdastýra Carbfix



Sólrún Kristjánsdóttir
framkvæmdastýra
mannauðs og menningar



Erling Freyr Guðmundsson
framkvæmdastjóri
Ljósleiðarans



Bjarni Bjarnason
forstjóri OR



Gestur Pétursson
framkvæmdastjóri Veitna

Framkvæmdastjóri/stýra fjármála

Við leitum að framsýnum einstaklingi með yfirgripsmikla fjármálareynslu sem býr yfir frumkvæði, umhyggju og umbótavilja. Framkvæmdastjóri/stýra fjármála OR hefur forystu um stefnumótun í fjármálum og leiðir sterkan hóp fagfólks sem hefur það markmið að auka lífsgæði og skapa virði fyrir samfélagið.

Velta 2020	um **50 milljarðar** króna
Árleg endurskoðuð fjárhagsuppgjör	**9**
Græn fjármögnun 2020	**68%**, stefnt að 100%
Kolefnisspor	**42,8 ktn**, stefnt að 0 árið 2030
Eiginfjárhlutfall	um **50%**
Heildareignir OR	**395 milljarðar** króna

Nánari upplýsingar um starfið eru á **starf.or.is**.

Upplýsingar veita Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála, **bjarni.freyr.bjarnason@or.is**, og Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra mannauðs og menningar, **solrun.kristjansdottir@or.is**.


Umsóknarfrestur er **til og með 4. október 2021**.

OR Grunnur að lífsgæðum

VEITUR | GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR | ON ORKA NÁTTÚRUNNAR | Carbfix

Hönnuður raforkumannvirkja

Við leitum að öflugum byggingar-verkfræðingi í raforkuteymið okkar.



Menntunar og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í byggingarverkfræði
- Reynsla af mannvirkjahönnun
- Reynsla af hönnun raforkuflutningsmannvirkja er kostur
- Þekking á helstu forritum sem tengjast hönnun raforkuflutningsmannvirkja er kostur
- Gott vald á einu norðurlandatungumáli er kostur
- Samskipta- og skipulagshæfileikar, leiðtogahæfileikar, metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Norconsult ehf. er dótturfyrirtæki norska ráðgjafafyrirtækisins Norconsult AS sem er stærsta verkfræðifyrirtæki Noregs með um 5.000 starfsmenn víðs vegar um heiminn þar sem verkefnin spanna frá skipulagi innviða til verkfræði og arkitektúrs.
Á Íslandi vinna starfsmenn Norconsult að spennandi verkefnum bæði innanlands og utan. Meðal verkefna eru hönnun raforkuflutningsmannvirkja, stýritækni og kerfisgreiningar og höfum við unnið verkefni í fjölda landa í fjórum heimsálfum.

Frábært tækifæri til að starfa hjá fyrirtæki á alþjóðlegum vettvangi við úrlausn samfélagslega mikilvægra verkefna.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Þorgeir Hólm Ólafsson í síma 820 5914 eða tölvupósti: thorgeir.holm.olafsson@norconsult.com
Umsóknir sendist á: birna.eggertsdottir@norconsult.com

Umsóknarfrestur er til 18. október 2021.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Norconsult

Fasteignasali óskast!

Heimili fasteignasala óskar eftir að ráða fasteignasala til starfa.

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir góðri sölutækni, á auðvelt með að vinna sjálfstætt og býr yfir góðum hæfileikum í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta starfað skipulega með öðrum og veitt ábyrga þjónustu í starfi sínu.

Mjög spennandi verkefni framundan á næstu mánuðum.

Umsækjendur þurfa að vera löggiltir fasteignasalar, eða vera í námi til löggiltingar.

Umsóknum skal skila til Finnboga Hilmarssonar, fasteignasala, á finnbogi@heimili.is sem jafnframt veitir allar frekari upplýsingar.

heimili fasteignasala – á traustum grunni



Leikskólinn Vesturborg óskar eftir aðstoðarleikskólastjóra til starfa

Leikskólinn er staðsettur í Vesturbæ Reykjavíkur

Okkar styrkleikar eru frjáls leikur, sköpun og sjálfsefling og samstarf við nærumhverfið, t.d. Grund, KR og sundlaug Vesturbæjar

Einkunnarorð okkar er;
Vinátta – Virðing

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Vinnumálastofnun

Ráðgjafi á Norðurlandi-vestra

VINNUMÁLA STOFNUN

Vinnumálastofnun óskar eftir að ráða ráðgjafa á þjónustuskrifstofuna á Norðurlandi-vestra.
Ráðgjafi þjónustar atvinnuleitendur og atvinnurekendur með það að markmiði að vinna gegn atvinnuleysi.
Í starfi sínu þarf ráðgjafi að geta beitt fjölbreyttum aðferðum og myndað tengsl við ólíka aðila til að vinna að hagsmunum atvinnuleitenda og atvinnulífs.

Starfstöð ráðgjafa yrði á Hvammstanga, Skagaströnd eða Sauðárkróki.

Leitað er eftir einstaklingi sem á auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunnar:
Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.

Helstu verkefni:

- Ráðgjöf og vinnumiðlun
- Framlínuráðgjöf
- Ráðgjöf og vinnumiðlun við fólk með skerta starfsgetu
- Skráningar og upplýsingamiðlun
- Kynningar, starfsleitarfundir og umsjón með námskeiðum
- Koma á og viðhalda tengslum við fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. á sviði náms- og starfsráðgjafar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfunar eða önnur menntun á félags- eða heilbrigðissviði
- Reynsla af ráðgjöf og vinnumiðlun er æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og góðir skipulagshæfileikar
- Góð samskiptahæfni, þjónustulund og metnaður til að skila góðu starfi
- Þekking af atvinnulífi svæðisins er æskileg

Sækja skal um starfið rafrænt á Starfatorgi: www.starfatorg.is.

Nánari upplýsingar veita: Guðrún Sigríður Gísladóttir, forstöðumaður og Vilmar Pétursson mannauðsstjóri í síma 515 4800 eða með fyrirspurn á netföngin gudrun.sigridur.gisladottir@vmst.is; vilmar.petursson@vmst.is;

Umsóknarfrestur er til og með 20. sept. 2021

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Vinnumálastofnunar og viðkomandi stéttarfélags.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 3 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðunin um ráðningu hefur verið tekin. Starfshlutfall er 100% og æskilegt er að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst.

Kría hönnunarstofa www.kria.is

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

Vinnumálastofnun Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 4800 **www.vmst.is**

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Stuðningsfulltrúi

Stuðningsfulltrúa vantar á sérnámsbraut Fjölbrautaskólans við Ármúla.

- Starfið fellst í að aðstoða nemendur brautarinnar við nám og daglegar athafnir.
- Vinnutími er frá kl 8:00 til 13:00.
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
- Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og starfsmannahópurinn frábær.

Umsóknir sendist á palmi@fa.is fyrir miðvikudaginn 15. september.



Lausar stöður hjá Hafnarfjarðarbæ

Grunnskóli
- **Íslenska sem annað mál** – Hraunvallaskóli
- **Skóla- og frístundaliði** - Áslandsskóli, Engidalsskóli, Skarðshlíðarskóli, Setbergsskóli, Víðistaðaskóli

Hafnarfjarðarhöfn
- **Hafsögumaður/skipstjóri**

Leikskóli
- **Deildarstjóri** - Stekkjarás
- **Leikskólakennari** - Bjarkalundur, Hamravellir, Hlíðarberg, Hlíðarendi, Hörðuvellir, Norðurberg, Stekkjarás, Vesturkot
- **Leikskólastjóri** – Víðivellir
- **Þroskaþjálfi** – Álfasteinn, Bjarkalundur

Málefni fatlaðs fólks
- **Frístund fyrir fatlað fólk** - Kletturinn, Vinaskjól
- **Stm. á heimili fyrir fatlað fólk** - Sveluás
- **Tímabundið starf** - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
- **Þroskaþjálfi** - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni

Mennta- og lýðheilsusvið
- **Sálfræðingur**

Nánari upplýsingar á:
Hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður



Viltu vera í liði með Skattinum?

Skatturinn leitar að sérfræðingum til starfa á álagningarsviði í Reykjavík og á Egilsstöðum

Meginhlutverk álagningarsviðs er að leggja á skatta og gjöld og sinna fjölbreyttum verkefnum sem því tengjast.

Starfið í Reykjavík

Helstu verkefnin eru upplýsingagjöf um virðisaukaskatt, tekjuskatt og aðra skatta og gjöld, yfirferð skattframtala og skýrslna, afgreiðslu erinda, endurákvörðun og endurskoðunarverkefnum til viðbótar við úrvinnslu ýmissa gagna sem snúa að starfsemi Skattsins. Um er að ræða 100% starf.

Nánari upplýsingar um starfið í Reykjavík veitir Elín Alma Arthursdóttir, sviðsstjóri álagningarsviðs, í síma 442-1000 eða með tölvupósti á netfangið *elin.arthursdottir@skatturinn.is.*

Starfið á Egilsstöðum

Um fjölbreytt verkefni er að ræða er tengjast m.a. álagningu skatta, yfirferð gagna, upplýsingagjöf um skattamál ásamt öðru er snýr að skattskilum einstaklinga. Um er að ræða 100% starf.

Nánari upplýsingar um starfið á Egilsstöðum veitir Hrefna Björnsdóttir; deildarstjóri einstaklingsdeildar, í síma 442-1000 eða með tölvupósti á netfangið *hrefna.bjornsdottir@skatturinn.is.*

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi (lágmarksmenntun er bakkalár gráða).
- Þekking á reikningsskilum, málsmeðferðarreglum og almennri skattframkvæmd æskileg.
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Frumkvæði og metnaður.
- Fáguð framkoma og lipurð í samskiptum.
- Jákvæðni og rík þjónustulund.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð.

Umsækjendum um störf hjá Skattinum kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu Skattsins eða á vefsíðu Starfatorgs, *starfatorg.is*. Ferilskrá, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir skal fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Skatturinn hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.


Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2021 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.

Skatturinn | 442 1000 | Upplýsingaver opið: Mán.-fim. 9:00-15:30 Fös. 9:00-14:00 | JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

ráðum ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



Starf sérfræðings á þróunarsviði Byggðastofnunar

Byggðastofnun leitar að öflugum liðsfélaga með brennandi áhuga á byggðamálum til starfa á þróunarsviði stofnunarinnar. Í starfinu felst umsjón með samningum um atvinnu- og byggðaþróun, framfylgd verkefna samkvæmt byggðaáætlun, gagnaöflun og úrvinnsla. Óskað er eftir áhugasömum og jákvæðum einstaklingi til að vinna að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á sviði byggðamála.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%. Staðsetning starfsins er á skrifstofu Byggðastofnunar á Sauðárkróki. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Helstu verkefni

- Umsjón með samningum um atvinnu- og byggðaþróun
- Þátttaka í verkefnastjórnun um framkvæmd byggðaaðgerða
- Þátttaka í byggðarannsóknum
- Samskipti við innlenda jafnt sem erlenda samstarfsaðila

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af rannsóknum og greiningum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, metnaður og hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Góð samskiptahæfni
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Kostur að hafa vald á dönsku, norsku eða sænsku

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknin getur gilt í sex mánuði frá birtingu. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Senda á umsókn til Byggðastofnunar, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki eða á netfangið postur@byggdastofnun.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. september 2021

Frekari upplýsingar veitir Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs, sigridur@byggdastofnun.is eða í síma 455 5455

BYGGÐASTOFNUN



Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa hjá SÁÁ

Sjúkrahúsið Vogur óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Um er að ræða þrískiptar vaktir og unnið aðra til þriðju hverja helgi.
Kjör fara eftir kjarasamningi SFV og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
Umsókn þarf að fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af starfsleyfi.
Öllum umsóknum verður svarað.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Hjúkrun sjúklinga í afeitrun
- Þátttaka í teymisvinnu ásamt sjúkraliðum, áfengis- vímuefnaráðgjöfum, sálfræðingum og læknum

Menntunar- og hæfniskröfur
- Réttindi til að starfa sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi
- Áhugi á hjúkrun áfengis- og vímuefnasjúklinga
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð
- Kjör fara eftir kjarasamningi SFV og
- Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita
Þóra Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar SÁÁ í síma 530-7600 eða tölvupósti thora@saa.is
Óskar Marinó Sigurðsson, mannauðsstjóri SÁÁ í síma 530-7600 eða tölvupósti oskar@saa.is

Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2021



Erum við að leita **að þér?**

HH RÁÐGJÖF

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Eignarekstur ehf óskar eftir að ráða einstakling með haldbæra reynslu af stjórnun og þekkingu á fjármálum í starf framkvæmdastjóra. Viðkomandi þarf að búa yfir leiðtogahæfileikum, vera framsækinn og lausnamiðaður ásamt því að hafa framúrskarandi samskiptahæfileika.

Eignarekstur


Eignarekstur er fjölskyldufyrirtæki sem tileinkar sér sjálfstæð og góð vinnubrögð. Hjarta fyrirtækisins er starfsfólkið sem keppist um að gera daginn eftirminnanlegan með betri upplifun fyrir viðskiptavini. Fyrirtækið veitir framúrskarandi og persónulega þjónustu og sér um allt fyrir húsfélögin, rekstur, bókhald, ráðgjöf og þjónustu.

» Starfs- og ábyrgðarsvið
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri á skrifstofu
- Samskipti við viðskiptavini
- Umsjón með starfsmannahaldi og mannauðsmálum
- Stefnumótun, áætlanagerð og eftirfylgni
- Umsjón með starfsmannafundum
- Yfirumsjón á bókhaldsdeild
- Verkefnastjórnun

» Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Marktæk og árangursrík stjórnunarreynsla
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, áreiðanleiki og árangursmiðað viðhorf
- Geta til að vinna undir álagi og að mörgum verkefnum á sama tíma
- Reynsla af áætlanagerð, tölfræði og úrvinnslu gagna
- Framsýni, metnaður og drifkraftur í starfi

Áhugasamir eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is.
Hulda Helgadóttir hjá HH Ráðgjöf hefur umsjón með ráðningu í starfið og veitir frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða í tölvupósti hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is



Global Controller

The Finance Control department at Össur is looking for an experienced manager. Finance Control aims to provide high quality data and standard reporting through efficient finance and control processes.

ROLE

- Heading the financial management role within the local finance teams
- Manage a Global Finance Control team
- Be a backup for the director of Finance Control
- Manage Finance post acquisition integration(s)
- Execution and support of due diligence work
- Supports and identifies efficiency opportunities e.g. transitions to FSS
- Mentoring and motivating team members

REQUIREMENTS

- Bachelor's degree in Accounting or Finance; Master's degree preferred
- Certified Public Accountant (CPA), highly desirable
- Over six years of professional work experience in a multinational environment in a similar position
- Experience leading direct and indirect teams to accomplish organizations goals and objectives
- Solid knowledge on IFRS and general finance operations
- Proven track record within finance in a multi-locations and globally operating company
- Fluent in English

Application period ends September 20th 2021.

Please apply on our website: **ossur.is/mannaudur** under the appropriate position.
We urge those interested to apply, regardless of gender and origin.


For further information contact our HR department by calling 515 1300.

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 3500 employees in 26 countries worldwide.

The core values of the company are **Honesty – Frugality – Courage.**

2020 Excellent in Iceland

Netöryggi



Ertu á heimavelli þegar rætt er um netöryggi, stjórnkerfi upplýsingaöryggis, netöryggisstefnu, netöryggisatvik, áskoranir gervigreindar eða fjórðu iðnbyltinguna? Hefur þú ríka öryggisvitund? Áttu gott með að koma fyrir þig orði, útbúa efni og leiða verkefni?

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið leitar að sérfræðingi með víðtæka reynslu og þekkingu á sviði netöryggismála til að gegna mikilvægu hlutverki við innleiðingu öflugrar netöryggismenningar í íslenskt samfélag. Markmið starfsins er að stuðla að auknu netöryggi á Íslandi.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla á sviði upplýsingatækni og netöryggis.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Reynsla af stefnumótun og áætlanagerð.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslu er kostur.
- Reynsla af þátttöku í alþjóðlegum verkefnum er kostur.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og mæltu máli.
- Sjálfstæði, frumkvæði og metnaður til að ná árangri.

Helstu verkefni

- Innleiðing og eftirfylgni netöryggisstefnu Íslands.
- Skipulagning og umsjón með aðgerðum stjórnvalda á sviði netöryggis.
- Undirbúningur vegna laga og reglugerða er varða netöryggismál.
- Þátttaka í ýmsum verkefnum og starfshópum innan og utan ráðuneytisins.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf. Einstaklingar óháð kyni eru hvattir til að sækja um starfið. Umsækjendur þurfa að geta staðist kröfur öryggisvottunar skv. reglugerð nr. 959/2012.

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Nánari upplýsingar veitir Birgir Rafn Þráinsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, í síma **545 8200**.

Umsóknum skal skila í gegnum starfatorg.is og gilda þær í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 27. september nk.

Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



Hugbúnaðarsérfræðingur

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Rannís óskar eftir að ráða hugbúnaðarsérfræðing í fullt starf. Starfið felst í hönnun, hugbúnaðargerð og umsjón með umsókna-, umsýslu- og upplýsingakerfum fyrir Rannís.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði hugbúnaðarfræða eða annað sambærilegt nám skilyrði
- Þekking og reynsla á PHP, SQL, JavaScript og Java er æskileg
- Reynsla af hugbúnaðargerð, Agile og Scrum er æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Upplýsingar um starfið veitir Berglind Fanndal Káradóttir, sviðsstjóri greininga- og hugbúnaðarsviðs, í síma 515 5816 eða í netfangið berglind.fanndal@rannis.is.

Umsóknafrestur er til og með 14. september 2021.
Sækja skal um á vefsíðu Rannís, www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/.

Rannís er líflegur vinnustaður með um 60 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is



Sviðsstjóri

UTL ÚTLENDINGASTOFNUN DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Útlendingastofnun leitar að sviðsstjóra til að leiða verndarsvið stofnunarinnar.

Verndarsvið hefur það hlutverk að þjónusta umsækjendur um alþjóðlega vernd með hagsmuni þjónustuþega að leiðarljósi og afgreiða umsóknir þeirra um alþjóðlega vernd á Íslandi. Starfið er umfangsmikið og krefjandi. Helstu verkefni eru dagleg stjórnun sviðsins, ábyrgð á að þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd sé fagleg og vönduð, í samræmi við innlendar og erlendar skuldbindingar íslenskra stjórnvalda og taki mið af einstaklingsbundnum þörfum, ábyrgð á að úrvinnsla umsókna um alþjóðlega vernd sé fagleg, skilvirk og fullnægi innlendum og erlendum skuldbindingum sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum, þátttaka í stefnumótun og samskipti við ráðuneyti, stofnanir og aðra samstarfsaðila, þ.m.t. samskipti og veiting upplýsinga og viðtala við fjölmiðla.

Sviðsstjóri verndarsviðs Útlendingastofnunar þarf að búa yfir mikilli leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi. Sviðsstjóri skal hafa reynslu af opinberri stjórnsýslu og vera reiðubúinn að taka þátt í og vinna að stöðugum umbótum. Sviðsstjóri verndarsviðs heyrir undir forstjóra Útlendingastofnunar.

Í boði er áhugavert starf á spennandi vinnustað sem er á fleygiferð í stafrænni vegferð. Hjá Útlendingastofnun starfar um 90 manna samhentur hópur á fjórum sviðum. Útlendingastofnun leggur ríka áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn og að starfsandi sé til fyrirmyndar. Boðið er upp á góða vinnuaðstöðu og kost á fjarvinnu. Stofnunin hefur undanfarin ár tekið þátt í verkefninu um styttingu vinnuvikunnar og er miðað við 36 stunda vinnuviku hjá öllu starfsfólki.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun og skipulag verndarsviðs
- Að starfsemi sviðsins sé í samræmi við löggjöf, stefnur og markmið stofnunar
- Þátttaka í stefnumótun
- Að umsóknir og erindi séu afgreidd á faglegan og skilvirkan hátt
- Að þjónusta við þjónustuþega sé vönduð og fagleg
- Miðlun upplýsinga gagnvart samstarfsaðilum og samfélagi
- Að verkferlar séu til staðar, þeim fylgt og uppfærðir
- Að unnið sé að stöðugum umbótum innan sviðsins

Hæfniskröfur

- BA gráða í lögfræði ásamt meistaragráðu í lögfræði eða embættispróf í lögfræði
- Stjórnunarreynsla er skilyrði
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er skilyrði
- Þekking og reynsla af málefnum sviðsins er kostur
- Brennandi áhugi á stafrænum lausnum
- Skipulagshæfni og frumkvæði
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Geta og vilji til að koma fram í fjölmiðlum
- Geta til að vinna undir álagi og leiða umbótastarf
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að forgangsraða verkefnum

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags lögfræðinga og fjármálaráðherra.

Umsókn skal fylgja ferilskrá að hámarki 2 bls. ásamt mynd og kynningarbréfi sem er að hámarki 1 bls. á íslensku. Umsóknir á erlendum tungumálum, án kynningarbréfa eða án ferilskráa verða ekki teknar til greina. Einnig skal fylgja umsókn staðfesting á prófgráðum ásamt einkunnum úr námi. Við ákvörðun um boðun í starfsviðtal verður sérstaklega horft til gæða umsóknargagna.

Við ákvörðun um ráðningu verður, auk framangreindra hæfnisviðmiða, tekið mið af frammistöðu í starfsviðtali og umsagna sem aflað er.

Starfshlutfall er 100% og um er að ræða ótímabundna ráðningu með þriggja mánaða reynslutíma.
Eingöngu er tekið við umsóknum rafrænt í gegnum vefgátt Starfatorgs.
Áhugasamir eru hvattir til að sækja um starfið, óháð kyni. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.
Öllum umsóknum verður svarað eftir að ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Birkir Hauksson, mannauðsstjóri – birkir@utl.is – 444-0900

Umsóknarfrestur er til og með 20/09/2021

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

HAGVANGUR

Vilt þú slást í hóp hugbúnaðarsérfræðinga hjá Skattinum?

Skatturinn er á höttunum eftir skapandi hugbúnaðarsérfræðingi með brennandi áhuga á rafrænum lausnum, gögnum og gervigreind

Helstu verkefni

Á tæknisviði Skattsins í Reykjavík er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem miða að liprum og öruggum rafrænum samskiptum við almenning og öruggri og hagkvæmri úrvinnslu upplýsinga sem Skattinum berast. Starfið felur í sér þróun og rekstur á upplýsingakerfum Skattsins auk samskipta við samstarfsaðila vegna daglegra verkefna tengt tolla- og skattframkvæmd. Auk þessa snúa verkefnin að hinum ýmsu sviðum gervigreindar, allt frá tölfræðigreiningu upp í vélrænt gagnanám.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verkfræði eða annarra raungreina sem nýtast í starfi (lágmarksmenntun er bakkalár gráða).
- Þekking og/eða reynsla á Python, C#, .NET og SQL.
- Færni í þarfagreiningu og hönnun lausna.
- Þekking og áhugi á helstu aðferðum við tölfræðigreiningar og beitingu á vélrænu gagnanámi er æskileg.
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Frumkvæði og metnaður.
- Fáguð framkoma og lipurð í samskiptum.
- Jákvæðni og rík þjónustulund.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Hreint sakavottorð.

Umsækjendum um störf hjá Skattinum kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Starfshlutfall er 100% og eru laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu Skattsins eða á vefsíðu Starfatorgs, *starfatorg.is*. Ferilskrá, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir skal fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Skatturinn hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2021 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jens Þór Svansson, sviðsstjóri tæknisviðs, í síma 442-1000 eða með tölvupósti á netfangið *jens.svansson@skatturinn.is*.

Skatturinn

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

Þarftu að ráða starfsmann?

ráðum ráðningarstofa

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Staða saksóknara við embætti héraðssaksóknara laus til umsóknar.

Dómsmálaráðuneyti auglýsir stöðu saksóknara við embætti héraðssaksóknara lausa til umsóknar. Miðað er við að dómsmálaráðherra skipi í embættið frá og með 15. október 2021. Saksóknarar eru héraðssaksóknara til aðstoðar, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Um verkefni og starfsskyldur héraðssaksóknara má finna upplýsingar í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008.
Laun eru samkvæmt 22. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. 11. gr. laga nr. 79/2019.

Saksóknari fer með ákæruvald á Saksóknarsviði II hjá embætti héraðssaksóknara, sem rannsakar og höfðar sakamál vegna efnahags- og skattalagabrota
Saksóknari hjá embætti héraðssaksóknara er skipaður til fimm ára og skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og héraðsdómari til skipunar í embætti, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um, eftir því sem við á:
1) menntun og hvort umsækjandi hafi í námi sínu sérstaklega lagt sig eftir refsirétti og/eða sakamálaréttarfari,
2) reynslu af sakamálaréttarfari, saksókn mála og/eða annarri meðferð ákæruvalds,
3) menntun og/eða reynsla á sviði efnahags- og skattalagabrota,
4) reynslu af dómstörfum,
5) reynslu af lögmannsstörfum,
6) reynslu af stjórnsýslustörfum,
7) reynslu af fræðistörfum,
8) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtist í embætti saksóknara,
9) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni,
10) upplýsingar sem snúa að andlegu atgervi, áræði, mannlegum samskiptum og sjálfstæði,
11) upplýsingar um þrjá núverandi eða fyrrverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem geta veitt upplýsingar um störf, samstarfshæfni og aðra hæfni umsækjanda
12) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf saksóknara.

Jafnframt er áhersla lögð á styrkleika í samvinnu og samskiptum, sem og frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á:
1) ferilskrá,
2) afrit af prófskírteinum,
3) önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem saksóknari.

Umsóknir óskast sendar rafrænt á netfangið starf@DMR.is eða skriflega til dómsmálaráðuneytis, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum skulu umsækjendur gefa upp tölvupóstfang sem notað verður til að eiga öll samskipti við umsækjendur. Taka skal fram að ráðuneytið kann að óska eftir upplýsingum frá umsækjendum um fjárhag þeirra og hagsmunatengsl sem kunna að hafa áhrif á almennt og sérstakt hæfi saksóknara.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 24. september nk.
Nánari upplýsingar um starfið veita Ragna Bjarnadóttir í dómsmálaráðuneytinu, í síma 545-9000 og Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari í síma 444-0150.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita **að þér?**


Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár


hagvangur.is

HAGVANGUR

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**





Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Viltu vera með?

— *Lyfjafræðingar*

Lyf & heilsa óskar eftir lyfjafræðingum til starfa í apótekum sínum á höfuðborgarsvæðinu.

PIPAR\TBWA - SÍA

Lyfjafræðingur

Starfssvið

Í starfinu felst fagleg ábyrgð á afgreiðslu lyfja samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu.

Hæfniskröfur

Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.

Upplýsingar um störfin veitir Guðbjörg Stefánsdóttir, rekstrar- og mannauðsstjóri, gudbjorg@lyfogheilsa.is

Sendu umsókn merkta „lyfjafræðingur“, ásamt ferilskrá á starf@lyfogheilsa.is

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigði og lífsgæða.

Lyf & heilsa
Við hlustum!



HJÚKRUNARFRÆÐINGUR Á GÖNGUDEILD SÓTTVARNA

Viltu verða hluti af teyminu okkar á Göngudeild sóttvarna og sinna fjölbreyttu og áhugaverðu starfi á spennandi vinnustað?

Á Göngudeild sóttvarna er m.a. tekið á móti fólki sem sótt hefur um dvalarleyfi hér á landi vegna vinnu eða náms og sem sótt hefur um alþjóðlega vernd. Einnig sinnir deildin ferðamanna-bólusetningum, berklarakningu og ráðgjöf til annarra stofnanna.

Góð tungumála- og tölvukunnátta er nauðsynleg þar sem stór hluti starfseminnar fer fram á ensku og felur í sér mikil samskipti í töluðu og rituðu máli. Mikil samskiptahæfni og sjálfstæði í starfi nauðsynleg.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Boðið er upp á góðan aðlögunartíma.

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 13.09.2021.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Guðmundsdóttir - ingibjörg.gudmundsdottir@heilsugaeslan.is - 513 5130
Sjá nánar á www.starfatorg.is og á www.heilsugaeslan.is undir laus störf

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
- hér fyrir þig -

VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA



Lausar stöður hjá Hafnarfjarðarbæ

Grunnskóli
- **Íslenska sem annað mál** – Hraunvallaskóli
- **Skóla- og frístundaliði** - Áslandsskóli, Engidalsskóli, Skarðshlíðarskóli, Setbergsskóli, Víðistaðaskóli

Hafnarfjarðarhöfn
- **Hafsögumaður/skipstjóri**

Leikskóli
- **Deildarstjóri** - Stekkjarás
- **Leikskólakennari** - Bjarkalundur, Hamravellir, Hlíðarberg, Hlíðarendi, Hörðuvellir, Norðurberg, Stekkjarás, Vesturkot
- **Leikskólastjóri** – Víðivellir
- **Þroskaþjálfi** – Álfasteinn, Bjarkalundur

Málefni fatlaðs fólks
- **Frístund fyrir fatlað fólk** - Kletturinn, Vinaskjól
- **Stm. á heimili fyrir fatlað fólk** - Sveluás
- **Tímabundið starf** - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
- **Þroskaþjálfi** - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni

Mennta- og lýðheilsusvið
- **Sálfræðingur**

Nánari upplýsingar á:
Hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR



Tækni- og verkfræðingar

VSB verkfræðistofa leitar að öflugu fagfólki til framtíðarstarfa. Fjölbreytt verkefni við hönnun bygginga, gatna og veitukerfa og við eftirlit og byggingarstjórn framkvæmda. Í boði er frábært starfsumhverfi og spennandi viðfangsefni á ýmsum sviðum.

Framkvæmdaeftirlit og byggingarstjórn

Helstu verkefni verða:
- Framkvæmdaeftirlit
- Byggingarstjórn
- Matsgerð, áætlanagerð, gerð útboðsgagna og verkefnastjórn

Umsækjendur þurfa að hafa:
- Reynslu af verkframkvæmdum
- Tækni- eða verkfræðimenntun
- Iðnréttindi eru kostur

Hönnuður veitukerfa

Helstu verkefni verða:
- Hönnun gatna- og veitukerfa, þ.e. fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu.
- Gerð útboðsgagna og verkefnastjórn

Umsækjendur þurfa að hafa:
- Tækni- eða verkfræðimenntun
- Reynslu af hönnun veitukerfa
- Gott vald á AutoCAD Civil eða sambærilegum hugbúnaði

Hönnuður burðarvirkja

Helstu verkefni verða:
- Hönnun burðarvirkja
- Framkvæmdaeftirlit
- Úttektir og matsgerðir

Umsækjendur þurfa að hafa:
- Tækni- eða verkfræðimenntun
- Gott vald á Revit og AutoCAD

Fyrirspurnir um störfin skal senda á netfangið **umsokn@vsb.is**. Umsókn um starfið með upplýsingum um menntun, hæfni og starfsreynslu óskast skilað á ofangreint netfang eigi síðar en **28. september** næstkomandi. Viðtöl hefjast áður en umsóknarfresti lýkur.

Fyllsta trúnaðar verður gætt.

VSB Verkfræðistofa er tæknidrifin verkfræðistofa á sviði mannvirkjagerðar og framkvæmda sem leggur áherslu á góða þjónustu við viðskiptavini sína. VSB veitir viðskiptavinum ráðgjöf með lausnum sem einkennast af hagkvæmni, fagmennsku og áreiðanleika.
Á stofunni starfa rúmlega 36 manns. VSB hefur aðsetur í Hafnarfirði og í Reykjanesbæ.




